



Mánudaginn 9. desember 2013 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Brynjólfur Friðriksson, Sveinfríður Halldórsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Berglind Baldursdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard, Guðjón E. Ólafsson og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra.
3. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
4. Skólastefna Húnavatnshrepps.
5. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 20.40 og bauð fundarmenn velkomna.

2. Skýrsla skólastjóra.

Í haust eru 16 nemendur í leikskólanum Vallabóli og 56 nemendur í Grunnskóla Húnavatnshrepps. Árshátíð Húnavallaskóla var 29. nóv. s.l. og fór hún vel fram. Guðjón Sigvaldason var ráðinn leikstjóri á hátíðinni og setti upp leikrit með nemendum 9. og 10. bekkjar. Magdalena Einarsdóttir leikstýrði 7. og 8. bekk.

Skólastjóri kynnti mjög góðan árangur nemenda Húnavallaskóla í samræmdum prófum. Rætt var um snjóruðning og hálkuvarnir á plönunum við Húnavallaskóla. Þórunn Gerði grein fyrir leka í leikskólanum og að gólfhitun þar væri að hluta til í ólagi. Einnig var rætt um að lagfæra þurfi kyndingu í matsal grunnskólans.

3. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fært í trúnaðarmálabók.

4. Skólastefna Húnavatnshrepps.

Guðjón E. Ólafsson kynnti fyrirhugaða vinnu við gerð skólastefnu Húnavatnshrepps.

5. Önnur mál.

Fræðslunefnd mælir með að samningur við skólabílstjóra verði framlengdur um eitt ár.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 22. 20

Sigríður B. Aadnegard (sign)
Þórunn Ragnarsdóttir (sign)
Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)
Berglind Baldursdóttir (sign)
Sveinfríður Halldórsdóttir (sign)
Guðjón E. Ólafsson (sign)
Eline Manon Schrijver (sign)
Brynjólfur Friðriksson (sign)
Birgir Ingbórsson (sign)

Jón Gíslason (sign)
Jens P Jensen (sign)